



Verksmiðjuhús Algaenovation á Hellisheiði vígt.

Þann

24. september var nýtt verksmiðjuhús Algaenovation á Hellisheiði vígt að viðstöddu fjölmenni en Ístak sá um byggingu hússins.

Um ræðuhöld sáu þeir Ohad Bahan stjórnarformaður Algaenovation, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Elliði Vignisson bæjarstjóri Ölfuss og fleiri. Verksmiðjan er einstaklega vistvæn og skilur ekki eftir sig neitt kolefnisspor. Þar eru framleiddir örþörungur (Micro-Algae Production) sem seldir eru í fiskeldi við Miðjarðarhafið, a.m.k. fyrst um sinn.